

163. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 17. apríl 2018 í Stykkishólmi

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir, Róbert Arnar Stefánsson, Ragnhildur Sigurðardóttir Eiríkur Snæbjörnsson, Eyjólfur Bjarnason og Magnús A. Sigurðsson.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 162. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Skipulagsáætlun fyrir Flókalund – ósk um umsögn

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd óskar eftir ítarlegri skýringarmyndum og frekari upplýsingum um það sem snertir fjöruna og frárennismál.

Gróðurfarsskráning á Breiðafirði – kynning á lokaskýrslu og ósk um þátttöku í prentkostnaði

Afgreiðsla:

Samþykkt að senda skýrsluna með formlegum hætti til Náttúrufræðistofnunar Íslands og leggja til að þar verði unnið áfram með gögnin með það að markmiði að fá ítarlegri kortlagningu á gróðurfari í eyjunum. Einnig að verkja athygli viðeigandi aðila á skýrslunni og niðurstöðum hennar.

Samþykkt að taka þátt í prentkostnaði skv. erindi frá Thomasi Holm Carlssen.

Flateyjargátan – upptökur á Flatey á Breiðafirði

Afgreiðsla:

Tímabilið frá miðjum apríl fram í miðjan júlí er mjög viðkvæmt vegna fuglalífs á firðinum. Breiðafjarðarnefnd bendir á að víða eru friðlýst æðarvörp á Breiðafirði þar sem umferð er bönnuð frá 15. apríl – 14. júlí. Upplýsingar um friðlýst æðarvörp er að finna hjá sýslumönnunum á Vesturlandi og Vestfjörðum. Breiðafjarðarnefnd bendir á að almennt gildir sú regla að umferð innan við 500 metra frá arnarhreiðrum er bönnuð frá 15. mars til 15. ágúst skv. 19. grein laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Alltaf þarf að leita samþykkis landeigenda vegna umferðar og athafna í eyjum. Breiðafjarðarnefnd getur ekki bent á heppilega tókustaði og hefur ekki yfirlit yfir hverjir eru landeigendur.

Framkvæmdaáætlun 2018-2021

Drög lögð fram

Afgreiðsla:

Framkvæmdaáætlun samþykkt. Verður birt á heimasíðu.

Fjárhagsáætlun 2018

Drög lögð fram

Afgreiðsla:

Frestað til næsta fundar.

Öryggis- og umgengnisbæklingur

Drög kynnt

Afgreiðsla:

Nefndin fór yfir drögin og gerði athugasemdir. Samþykkt að vinna áfram og senda á nefndina til frekari yfirlesturs.

Starfsskýrsla

Drög kynnt

Afgreiðsla:

Sendu í tölvupósti á nefndarmenn og fá hana samþykta.

Vettvangsferð

Afgreiðsla:

Samþykkt að vettvangsferð verði farin 15. og 16. ágúst. Eiríkur og Theó sjá um skipulagningu.

Önnur mál

UST fær aukafjármagn til þess að ráða staðar- og landverði

Breiðafjarðarnefnd sendi erindi til þess að minna á að hér vantar staðarvörð.

Uppbygging innviða

Bæta mætti umsóknum um styrki inn á framkvæmdaáætlun fyrir næstu ár.

Mál til kynningar

B-hluti náttúruminjaskrár

Breiðafjörður er svæði sem ber að vernda í náinni framtíð vegna ákveðinna vistgerða og fuglategunda.

Fundi slitið kl. 14:30

Næsti fundur áætlaður 16. ágúst.